



Helga Vala Helgadóttir

Hún leikur Rósu í Sumarhúsum á ensku.

Sjálfstætt fólk í Englandi

Þrjú íslenskir leikarar taka þátt í breskri uppfærslu á nýrri leikgerð af Sjálfstæðu fólki eftir Halldór Laxness sem frumsýnd verður á miðvikudaginn, Helga Vala Helgadóttir sem leikur bæði Rósu og Hallberu gömlu, Páll Pálsson sem leikur Ingólf Arnarson og Ragnheiður Guðmundsdóttir sem leikur Ástu Sóllilju. Bjartur er leikinn af Michael Strobel en Charles Way leikstýrir.

Uppfærslan er samvinna leikhússins New Perspectives í bænum Mansfield í Nottinghamshire og Möguleikhússins í Reykjavík. Leikhústjóri New Perspectives Gavin Stride kom til Íslands í fyrsta sinn 1998 og fannst margt þar minna sig á sitt heimahérað. „Mig hefur lengi langað til að leggja fremur áherslu á það sem fólk í ólíkum löndum á sameiginlegt en það sem skilur það að,“ segir hann og er viss um að Bjartur muni höfða til síns fólks.

Sýningin mun ferðast um England til 13. maí í vor. Frumsýningin er í tengslum við farandleiklistarhátíðina Pride of Place sem haldin er í Nottinghamshire dagana 23.-26. mars.

Týndar konur

Í dag kl.12.30 heldur Cornelia Sollfrank fyrirlestur í Listaháskóla Íslands, Laugarnesvegi 91, stofu 024. Cornelia er myndlistarmaður sem býr og starfar í Hamborg. Henni eru hugleiknar þær breytingar sem nú eiga sér stað í myndlist og nýtt hlutverk myndlistarmanna í heimi tækni og upplýsinga. Cornelia er einn af stofnendum alþjóðlegu feminista hreyfingarinnar „Old Boys Network“. Í fyrirlesturinum fjallar hún um eigin verk með áherslu á internetið sem miðil og vettvang myndlistar.

Á miðvikudag kl. 12.30 heldur Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir listfræðingur fyrirlestur í stofu 113 í Skipholti 1 sem hún nefnir: „Ljósmyndun í Cobru (1948-1951)“. Alþjóðlega hreyfingin Cobra hafði gífurleg áhrif á nútímalist og er hvað þekktust fyrir framlag sitt til myndlistar, en ljósmyndun í Cobra hefur verið nær óþekkt fram að þessu. Fyrirlesari mun kynna niðurstöður rannsóknar sinnar um þetta efni sem unnar eru við Sorbonne háskólann í París.

Námskeiðið „Týndar konur“ hefst 27. mars í Listaháskóla Íslands stofu 113, Skipholti 1. Kennari er Elísa Björg Þorsteinsdóttir listfræðingur. Lítið fer að öðru jöfnu fyrir konum á spjöldum hinnar hefðbundnu listasögu þótt þær hafi tekið þátt í listsköpun frá örfri alda. Ætlunin er að rekja sögu listakvenna í samhengi við almenna listasögu og hugsanlegar skýringar þess að svo hljótt hefur verið um þær; byrjað verður á miðöldum og endað í samtímanum.

Söngfugl að sunnan

Í tilefni af útkomu bókar með ljóðabýðingum Þorsteins Gylfasonar heimspekings verður dagskrá annað kvöld kl. 20 á Súfistanum, bókakaffi í verslun Máls og menningar, undir yfirskriftinni Söngfugl að sunnan. Þar mun Þorsteinn lesa úr bókinni og söngkonurnar Ólöf Kolbrún Harðardóttir (á mynd) og Sif Ragnhildardóttir flytja lög eftir Atla Heimi Sveinsson, Sergei Rachmaninov og Kurt Weill við nokkur ljóðanna úr bókinni. Með þeim leikur Richard Simm á pianó.

Í bókinni eru kvæði eftir höfuðskáldin Shakespeare, Goethe og Pushkin, en einnig eftir minna þekkt góðskáld eins og Piet Hein og Tove Ditlevsen. Þá eru í bókinni þýddar allmargar spænskar þjóðvísur. Allur síðari hluti bókarrinnar er helgaður þýska skáldinu Bertolt Brecht.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir.



Leiklist

Skaufi í hali

Hvernig sem á því stendur virðist það ekki skila sérlega góðum árangri að efna til leikritasamkeppni í tilefni stórafmæla. Skemmst er að minnast Búa sögu sem hlaut fyrstu verðlaun í samkeppni í tilefni hundrað ára afmælis Leikfélags Reykjavíkur og því miður verður að viðurkennast að leikrit Ragnars Arnalds, Landkrabbinn, sem lenti í sama sæti í samkeppni vegna hálftrar aldar afmælis Þjóðleikhússins, sætir engum tíðindum. Ekki er þar með sagt að verkið sé alsæmt, enda Ragnar orðinn nokkuð „sjóað“ leikskáld. Hann skrifar lipur samtöl sem renna vel og í Landkrabbanum vekur textinn oft en ekki hlátur meðal leikhúsgesta. Að byggingu lýtur verkið klassískum lögmálum, hefst með kynningu aðstæðna og persóna, þá kemur ris eða dramatískur hápunktur og lausn í lokin. Fyrri hluti verksins (kynningin) er þéttur og vel skrifaður en eftir hlé kemur dálítil losarabragur á atburðarásina og því verða átökin ekki eins dramatísk og skyldi.

Þetta mun vera fyrsta íslenska leikritið sem gerist um borð í togara en það eitt nægir ekki til að gera verkið spennandi. Ragnar gerir í raun ekki annað en að staðfesta klisjurnar og goðsagnirnar um sjómennskuna. Lífið um borð í Guðfinnu RE er því kunnuglegt, jafnvel þeim sem aldrei hafa verið til sjós. Á Guðfinnu njóta menn virðingar í réttu hlutfalli við kjafthátt og hörku og því ekki nema von að óspart sé gert grín að Pétri, kurteisa menntamanninum sem álpast til að fara með þeim einn túr. Það sem helst kryddar er að um borð eru tvær konur, Viktoría söngkona, sem er þar reyndar fyrir einskæran klaufaskap, og Lóa, sem er munstrúð á dallinn sem háseti. Hún er líka sambýliskona Barða skipstjóra, sem er að sjálfsgöðu hörkutól, en vera Viktoríu um borð veldur upplausn í sambandinu. Kvennamálin eru þó ekki einu vandræðin sem Barði þarf að glíma við í þessari veiðiferð. Kosturinn gleymist nefnilega í landi og þegar Barði neitar að verða við ósk áhafnarinnar um að sigla til hafnar



Erla Ruth Harðardóttir og Jóhann Sigurðarson í hlutverkum sínum í Landkrabbanum

„Á Guðfinnu RE njóta menn virðingar í réttu hlutfalli við kjafthátt og hörku.“

grípur hún til sinna ráða.

Landkrabbinn er ágætis afþreying og leikarar standa sig allir með þryði. Kjartan Guðjónsson smellpassar í hlutverk landkrabbans, uppburðarlítil og klaufalegur til að byrja með en lærir af reynslunni eins og vera ber og er bara nokkuð harður nagli þeg-

DV-MYND ÞÓK

ar á reynir. Erla Ruth Harðardóttir sat vel í hlutverki Lóu og dró upp skýra mynd af lífsglaðri og duglegri konu sem lætur ekki bjóða sér hvað sem er. Jóhann Sigurðarson og Pálmi Gestsson þurftu lítið að hafa fyrir bræðrunum Barða og Tryggva og Randver Þorláksson var á heimavelli í hlutverki hins sífylla kokks. Hásetarnir, sem Stefán Jónsson, Sigurður Skúla-son og Ólafur Darri Ólafsson léku, voru hver með sínu sniði en hlutverkin buðu ekki upp á mikil tilþrif, frekar en hlutverk Ólafs, sonar Barða, sem Gunnar Hansson túlkaði af öryggi. Guðrún Þ. Stephensen lék móður Barða og Tryggva og gerði það ágætlega og sama má segja um Þórunni Lárusdóttur í hlutverki Viktoríu. Þórunn hefur fina rödd og söng lög Atla Heimis Sveinssonar við texta Ragnar Arnalds fallega þrátt fyrir dulitinn frumsýningarskrek. Hins vegar er mér fyrirumnað að skilja hvaða tilgangi það þjónaði að láta hana leika einleik á trompet í lögnum sem ekki voru sungin. Hefði hún verið látin fara í splitt ef hún hefði verið í ballett sem stelpa?

Brynja Benediktsdóttir heldur ágætlega utan um sýninguna þó enn vanti hana meiri þéttleika. Leikmynd Sigurjóns Jóhannssonar er hins vegar einstaklega tilkomumikil og vel heppnuð líkt og annað sem lýtur að umgjörð sýningarinnar.

Halldóra Friðjónsdóttir

Myndlist

Norræn málverk hér og nú

Carnegie-málverkasýningin er komin hing að öðru sinni og er sennilega ívið áhrifameiri en sú fyrri. Sem er sjálfsgætt einskær tilviljun og segir lítið sem ekkert um ástand og horfur í norrænni málalari. Það sem sýnt er í þetta sinn er fremur hefðbundið og skírskotar vísitandi til myndlistarinnar á sjötta og sjöunda áratugnum, til afstrakt-expressjónisma, popplistar og strangflatalistar. Eftir nokkur ár kemur sjálfsgætt í ljós hvort hér er um viðvarandi eða tímabundna tilhneigingu að ræða.

Út af fyrir sig held ég að engin þörf sé á að setja spurningarmerki við þessa framkvæmd Carnegie-fjórðingargangbankans. Þar höfðu menn einfaldlega mestan áhuga á málalari og vildu halda merki hennar á lofti með árlegum sýningum og verðlaunaveitingum og uppskera um leið jákvætt viðmót menningarsinn- aðra fjórðingargangbankans. Með þessu er ekki verið að kasta rýrd á nokkra aðra listgrein né framkvæmd. Sjálft skipulag þessarar farandsýningar, bókaútgáfan, upplýsingaflæði og öll fagleg umsýslan ætti síðan að vera öðrum til eftirbreytni.

Verðlaunaverk og önnur verk

Einn er þó skavanki á henni sem hlýtur að gera bæði sýningargestum og gagnrýnendum erfið fyrir. Þeir sem valdir eru á sýninguna komast nefnilega upp með það að kippa verkum út af henni milli sýningarstaða, hvort sem er af öryggisástæðum eða öðrum ótilgreindum ástæðum. Hér í Reykjavík, á næstsíðasta áfangastað, er búið að taka út af sýningunni 13 myndverk af þeim 56 sem upphaflega voru valin til hennar. Það er einum af mikil blóðtaka. Við fáum því alls ekki að sjá hina upprunalegu sýningu, og það sem verra er, sjáum oft ekki á hvaða forsendum sumir listamennirnir hlutu náð fyrir augum dómnefndar. Þetta á til dæmis við um norska listamanninn Hilmar Fredriksen með sitt eina verk en var með þrjú. Landi hans, Steinar Jacobsen, er hér einungis hálfur og ef ekki kæmu til



Rolf Hanson: Runt om trappa V, 1998

„Sjálfum þykir mér einsýnt að Rolf Hansen hafi fengið fyrstu verðlaun út á eitthvað annað en þau klunnalegu og ófrumlegu verk sem hér eru til sýnis.“

myndirnar í sýningarstránum mundi maður freistast til að halda að þriðji Norðmaðurinn, Arvid J. Pettersen, væri einungis fremur óspennandi sporgöngumaður gamla Rauschenbergs. Öll þrjú málverk danska listamannsins Jespers Christiansen eru síðan horfin með tölu.

Útvalda listamenn ætti að skikka til að lána verk sín á alla sýningarstaði. Og fyrst við erum farin að ræða fjölda verkanna þá mætti dómnefndin gjarnan hafa fyrir sið að velja til sýningarinnar minnst tvö verk eftir hvern útvaldan. Eitt verk segir lítið um listamenn á borð við Georg Guðna, Jukka Korkeila og Jasse Räisänen.

Þjóðleikhúsið sýnir á stóra sviðinu: Landkrabbinn eftir Ragnar Arnalds. **Lýsing:** Björn B. Guðmundsson. **Tónlist:** Atli Heimir Sveinsson. **Leikmynd:** Sigurjón Jóhannsson. **Búningar:** Sigurjón Jóhannsson og Margrét Sigurðardóttir. **Leikstjórn:** Brynja Benediktsdóttir.

Um verðlaunaveitingarnar þessu sinni hafa menn sjálfsgætt misjafnar skoðanir. Sjálfum þykir mér einsýnt að Rolf Hansen hafi fengið fyrstu verðlaun út á eitthvað annað en þau klunnalegu og ófrumlegu verk sem hér eru til sýnis. Og aðrir verðlaunahafar og styrkþegar hreyfa ekki mikið við mér. Hér undanskil ég þó þau „landabréf hugans“ sem finnska listakonan Silja Rantanen gerir. Að sumu leyti eru þau köld og fráhrindandi – kannski eiga þau meira skylt við „konsept“ en málalari – en þankagangurinn á bak við þau hlýtur að hrista upp í ýmsum viðteknum hugmyndum manna um umfang og hlutverk málverkisins. Sem hlýtur að vera eitt meginmarkmið sýningar af þessu tagi.

Aðalsteinn Ingólfsson

PS. Með því skemmtilegra sem birst hefur á menningarsíðum dagblaðanna undanfarna vikur eru viðbrögð Braga Ásgeirssonar á Morgunblaðinu við Carnegie-málverkasýningunni að Kjarvalsstöðum. Eins og mörgum er kunnugt er þessi stórkritiker sannfærður um að alls kyns „fræðingar og bendiprikafólk“ um hinn vestræna heim vilji málverkið feigt. Því getur hann ómögulega skilið hvernig stendur á því að þetta sama lið skuli nú vera að setja saman norræna-sýningu á málverkum. Eftir að hafa farið ýmsa hringi í málflutningi sínum er helst á honum að skilja að hér búi eitthvað óhreint undir.

Carnegie-sýningin hangir uppi á Kjarvalsstöðum til 2. apríl. Safnið er opið kl. 10-18 dag hvern.